

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012, Stóri-Lambhagi II, Skilmannahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 4. október 1999 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012, frá 26. apríl 1994, sbr. 2. mgr. 14. gr. laganna.

Um er að ræða breytta landnotkun þar sem 5 ha landbúnaðarspilda í landi Stóra-Lambhaga II breytist í frístundahúsabyggð og skógrækt. Landspildan liggur að Laxá að norðvestan, en afmarkast að öðru leyti af skurðum og girðingum.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin hefur fengið samþykki annarra sveitarfélaga er standa að svæðisskipulaginu, þ.e. Akraneskaupstaður, Innri-Akraneshreppur, Hvalfjarðarstrandarhreppur og Leirár- og Mela-hreppur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 4. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 675

4. október 1999

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja, 1988-2008, Brekkuhús.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, sbr. 2. mgr. 21. gr., hefur ráðherra þann 4. október 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 1988-2008 frá 2. júlí 1990.

Breytingin felst í því að hluti af öryggissvæði og opnu svæði við flugbraut verður íbúðarsvæði. Svæðið afmarkast af þeim tveimur byggingum sem fyrir eru ásamt lóð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Vestmannaeyja. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 4. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 676

5. október 1999

SAMÞYKKT

um hundahald í Reykdælahreppi.

1. gr.

Einstaklingum búsettum í Reykdælahreppi, öðrum en ábúendum lögbýla, er óheimilt að halda hunda nema með sérstöku leyfi hreppsnefndar og að uppfylltum þeim skilyrðum og þeim reglum sem tilgreindar eru í samþykkt þessari. Þarfahunda við búrekstur á lögbýlum er skylt að skrá en þeir eru undanþegnir gjaldtöku, en skulu að öðru leyti hlíta ákvæðum samþykktar þessarar.

2. gr.

Leyfi til hundahalds er bundið nafni og heimili lögráða einstaklinga og er leyfið ekki framseljanlegt. Allir hundar sem fá leyfi eru skráðir á skrifstofu Reykdælahrepps og þar skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram: Tegund, kyn, aldur, litur og önnur útlitseinkenni og nafn.

Eiganda hundsins er afhent merkt plata, sem hundurinn skal ávallt bera um hálsinn. Ekki er þó skylt að skrá hunda fyrr en þeir hafa náð þriggja mánaða aldri. Sé sótt um leyfi til handa hundi í fjölbýlishúsi, skal skriflegt samþykki annarra húsráðenda fylgja umsókn.

Húsráðendur geta skriflega afturkallað samþykki sitt. Við afturköllun samþykkis fær hundaeigandi hæfilegan frest til að finna hundinum annan samastað.

Hundaeiganda er skylt að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingarfélagi.

3. gr.

Leyfishafar skulu fylgja eftirfarandi reglum:

- a) Hundurinn skal ekki ganga laus á almannafæri.
- b) Hundaeigandi skal gæta þess vel að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði né raski ró manna. (Eiganda er skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.)
- c) Óheimilt er að fara með hund inn í verslanir, þjónustustofnanir, sjúkra- og skólahús, dagvistanir og dvalarheimili hvers konar, félagsheimili, kvikmyndahús, sundlaugar og önnur íþróttahús, hótél og gististaði.
- d) Bannað er að fara með hund inn á skipulögð leiksvæði barna.
- e) Leyfishafar skulu árlega færa hunda sína til skoðunar og hreinsunar hjá dýralækni eða hundahreinsunarmanni.
- f) Leyfishafar skulu framvísa ár hvert á skrifstofu hreppsins, kvittun fyrir ábyrgðartryggingu og vottorði um hreinsun og skoðun.

4. gr.

Árlega skal sveitarsjóði greitt gjald fyrir þá hunda sem leyfi er veitt fyrir, samkvæmt gjaldskrá sem sveitarstjórn setur, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, samkvæmt ákvæðum 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjaldskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda. Gjald þetta má ekki vera hærra en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum.

5. gr.

Við brot á samþykkt þessari skal veita umráðamanni hunds viðvörðun og gera honum ljóst að endurtekin brot verða sviptingu leyfis. Við þriðja brot er leyfið fellt úr gildi. Leita má aðstoðar lögreglu þegar þörf krefur vegna brota á samþykkt þessari.

Hunda sem ganga lausir má handsama og færa í geymslu. Sama gildir um hættulega hunda og óskráða.

Tilkynna skal eigendum strax um töku merktra hunda.

Teljst hundur hættulegur að mati dýralæknis og eftirlitsmanns, er heimilt að lóga hundinum þegar í stað. Aðra hunda má afhenda sé leyfi framvísað innan 7 daga frá því að hundur kom í vörslu. Heimilt er að lóga hundinum að þeim fresti liðnum, enda sé eiganda gert ljóst hvað vanræksla á að vitja hundsins getur haft í för með sér.

6. gr.

Samþykkt þessi sem samin er af heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis eystra og samþykkt af sveitarstjórn Reykdælahrepps, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 5. október 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

SAMÞYKKT

um sorphirðu og hreinsun opinna svæða í Bolungarvík.

1. gr.

Bolungarvíkurkaupstaður annast sorphirðu (sorpeyðingu og sorphreinsun) og hreinsun opinna svæða í Bolungarvík samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphirða fram undir stjórn tæknideildar Bolungarvíkur og eftirliti Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða.

2. gr.

Verktakar sem annast sorphreinsun almenns sorps samkvæmt samningi við Bolungarvíkurbæ skulu hafa til þess starfsleyfi heilbrigðisnefndar.

3. gr.

Sérhverjum húsráðanda, forsvarsmanni fyrirtækja eða stofnana í Bolungarvík er skylt að nota þær aðferðir og flát við sorpgeymslu og hreinsun sem bæjarstjórn, í samráði við heilbrigðisnefnd, ákveður.

4. gr.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn og standa sem næst aðkomu að lóð. Þær skulu staðsettar saman ef um fjölbýlishús er að ræða. Húsráðendur skulu halda sorpílátum hreinum, hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim, svo unnt sé að annast hreinsun.

5. gr.

Í sorpílátin má aðeins setja neysluúrgang, þ.e. venjulegt heimilissorp, í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett un flokkun úrgangs, sbr. 3. grein. Ekki má setja í sorpílát mold, grjót, byggingarefni, garðaúrgang o.þ.h. Spilliefni, lyf og annar hættulegur úrgangur má ekki fara í sorpílát.

Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætt er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt. Gæta skal þess að fylla ekki sorpílátin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.